

# Framboð til kirkjuþings

## Sindri Geir Óskarsson

### 3. kjördæmi vígðra Hólakjördæmi

Ég gef kost á mér til setu á kirkjuþingi sem varamaður fyrir Hólakjördæmi. Sú ákvörðun er ekki til marks um áhugaleysi, heldur tel ég mikilvægt að tryggja öflugt varamannakerfi og jafnframt að halda í þá reynslu vígðra þjóna sem hafa starfað á þinginu fyrir stiftið.

Ég hef starfað sem prestur frá árinu 2016. Fyrst þjónaði ég sem sóknarprestur í dreifbýlisprestakalli í Noregi, síðar við Sjúkrahúsið á Akureyri, og undanfarin sex ár í Glerárprestakalli á Akureyri. Ég hef einnig setið kirkjuþing sem leikmaður og fylgst náið með störfum þess um langt árabil, sem hefur veitt mér góða innsýn í hlutverk þess og ábyrgð.

Áherslur mínar snúa einkum að því að efla sóknir sem búa við ólíkar aðstæður, ekki síst þar sem fámenn samfélög standa frammi fyrir sérstökum áskorunum. Í mínu prestakalli eru tvær kirkjur, þar af ein friðuð, og við höfum verið lánsöm að geta sinnt rekstri og viðhaldi með ábyrgum hætti. Sú staða er þó ekki almenn, og mikilvægt að kirkjan vinni að því að jafna stöðu sókna.

Ég tel einnig brýnt að hlúa vel að starfsfólki kirkjunnar og tryggja að skipulag hennar, á héraðs- og landsvísu, styðji við starf safnaða og starfsfólks. Kirkjan þarf jafnframt að hafa hugrekki til að mæta breyttum tímum með skýra sýn og ábyrgð.

Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum í því starfi.

Sindri Geir Óskarsson

